



Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	14/8 '15
Málalykill	
Mál nr.	15 08 158

Hr. Bæjarstjóri Garðabæjar
Gunnar Einarsson
Garðatorgi

Varðar: Vatnsmál á Urriðavelli

Garðabæ, 12. ágúst 2015,

Sæll Gunnar,

Í framhaldi af góðu spjalli sem við áttum í vor að þá langar mig að koma frekar að vatnsmálum hér hjá okkur á Urriðavelli.

Undanfarin ár höfum við átt í töluverðu basli með að fá nægjanlegt vatn til að vökva brautir og flatir á þurkkaskeiðum. Kemur það til af því að sú borhola sem við höfum notað og staðsett er milli klúbbhúss og æfingasvæðis afkastar einungis 2,7 sekúndulítrum þegar vatnspörf okkar nú er nær 12 sekúndulítrar. Til að mæta þessari vatnspörf að hluta höfum við verið tengdir neysluvatnslögn frá Vatnsveitunni. Sú staða er ekki ásættanleg að okkar mati og þá sérstaklega út frá umhverfissjónarmiðum.

Golfklúbburinn Oddur hefur hafið umhverfissvottunarferli hjá GEO, Golf Environment Organisation, þar sem hluti af vottunarferlinu tengist vatnsnotkun. Í því sambandi er mikilvægt að klúbburinn sé sjálfbær í sínum vatnsbúskap og noti ekki neysluvatn til vökvunar. Okkur er mikið í mun að uppfylla þessar kröfur vottunaraðila sem er að miklu leyti forsenda þess að vottun fáiist.

Einnig hefur okkur verið bent á af bæjarverkfræðingi að enginn brunahani er staðsettur við klúbbhús sem gæti gert slökkvistarfi erfitt fyrir ef bruni verður.

Teljum við einsýnt að lausnin felist í borun nýrrar holu við hlið þeirrar gömlu sem væri nægjanlega stór til að anna þörf okkar. Borun slíkrar holu er töluverð framkvæmd og er fjárhagslega klúbbnum ofviða. Gróf kostnaðaráætlun við borun, dælu og tengingar hljóðar upp á um 7 milljónir króna.

Óskum við því eftir því að Garðabær eða undirsstofnanir þess aðstoði okkur við lausn vandans.

Með kærri kveðju,

Þorvaldur Þorsteinsson

Framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Odds